

AUGLÝSING

um hækkun bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956,
um atvinnuleysistryggingar.

Grunnupphæðir bóta samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, skulu hækka um 5 af hundraði frá því, sem verið hefur.

Samkvæmt þessu verða bætur samkvæmt lögnum sem hér segir:

Lágmark bóta á dag verður:

Fyrir einhleypan mann kr. 38.85, fyrir kvæntan mann kr. 49.35 og fyrir hvert barn allt að þremur, kr. 10.50.

Hámark bóta á dag verður:

Fyrir einhleypan mann kr. 86.10, fyrir kvæntan mann kr. 98.70 og fyrir hvert barn allt að þremur, kr. 13.10.

Hækkun þessi er ákveðin til samræmingar við þær kauphækkningar, sem urðu í júlí 1964, samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 4 20. janúar 1959, um breytingar á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar og er jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 14 31. janúar 1964, um hækkun bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 182 5. nóv. 1962, um landsútsvör.

1. gr.

Við 10. gr. 1. mgr. bætist:

Þegar um er að ræða fyrirtæki, sem aðallega er framleiðslufyrirtæki, skal sala vörunnar talin eiga sér stað í því sveitarfélagi, þar sem varan er framleidd.

2. gr.

Næstíðasti málsliður 14. gr. falli niður.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.